

Ed.

303. Nefndarálit

[118. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Grýtubakkahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. á 3 fundum, leitað álits og umsagnar Pálma Einarssonar landnámsstjóra og fulltrúans í jarðeignaskrifstofu ríkisins, Sveinbjarnar Dagfinnssonar. Mæla þeir báðir með, að það verði samþykkt.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ein málsgrein, svo hljóðandi:
Ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að landinu, verði það aftur selt.

Einn nefndarmanna, Jón Þorsteinsson, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. jan. 1961.

Bjartmar Guðmundsson,
form., frsm.

Sigurður Ó. Ólafsson,
fundaskr.

Ásgeir Bjarnason.

Páll Þorsteinsson.